# REYKJAVÍKURBORG

# Breyting á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis
## Breytt afmörkun við strandlínuna




**Hluti gildandi deiliskipulags 13.05.1986 ásamt síðari breytingu samþykkt 09.04.2021**

mkv.: 1:2.000




**Deiliskipulagstillaga**

mkv.: 1:2.000

## GREINARGERÐ

Lögð er fram breytingartillaga að nýjum skipulagsmörkum á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis til samræmis við nýtt deiliskipulag *Norðurstrandar, strandsvæðis milli Faxagötu og Laugarness.*
Í gildi er deiliskipulag Skúlagötusvæðis, samþykkt 13. maí 1986, með síðari breytingum.

Núgildandi skipulagsmörk eru meðfram Snorrabraut, eftir miðlínu Hverfisgötu, miðlínu Ingólfsstrætis og fylgir strandlínunni í norðri. Breytingin felst eingöngu í breyttum skipulagsmörkum norðan megin, við strandlínuna.
Eftir breytingu fylgja mörkin nyrðri vegbrún Sæbrautar.
Svæðið milli núverandi og nýju afmörkunar verður hluti af aðliggjandi deiliskipulagi Norðurstrandar.

Breytingin nær aðeins til götusvæða og borgarlands.



Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040.

**SKÝRINGAR**

- Ný skipulagsmörk
- Núverandi skipulagsmörk

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í/á umhverfis- og skipulagsráði þann 25. október 2023

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 8. mars 2024

REYKJAVÍKURBORG SKIPULAGSFULLTRÚI

Skipulagsgögn: Fylgir uppdrætti aðskilin greinargerð.
Kortagrunnar: Heimild fyrir þeim grunnum og gögnum sem notuð eru fyrir uppdráttinn.
Hnitakerfi: [ISN93]. Kvarði: 1:2.000 [A1].

| Breyting | Dags. | Tilefni | Skipulag |
|---|---|---|---|

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 22435_DSK_T_U_02 Dags.: 29.09.2023
Skipulag: VV Yfirf.: HTT

UNNIÐ FYRIR:
REYKJAVÍKURBORG